



Félag íslenskra bifreiðaeigenda

ICELANDIC AUTOMOBILE ASSOCIATION

Alþingi

Erindi nr. **P** 130/1787

komudagur 15.4.2004

www.fib.is
Nefndasvið Alþingis
Samgöngunefnd Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 14. apríl 2004

Umsögn um tillögur til þingsályktunar. Annars vegar um úttekt við gerð jarðganga í Reynisfjalli (þskj. 491, 367. mál) og hins vegar um könnun leiða til að stytta þjóðveg eitt (þskj. 831, 553. mál).

Félag íslenskra bifreiðaeigenda telur rétt að fjalla um þessar þingsályktunartillögur saman. FÍB telur að báðar tillögurnar miði að því að stytta og eða bæta leiðir á þjóðvegi eitt. FÍB styður hugmyndir um nefnd sem geri úttekt í anda tillagnanna. Stjórn FÍB telur eðlilegt að fulltrúi félags bifreiðaeigenda komi að ráðgjöf til stjórnvalda sem fulltrúi vegfarenda og neytenda.

Virðingarfyllst,

F.h. stjórnar Félags íslenskra bifreiðaeigenda

Runólfur Olafsson
framkvæmdastjóri



MEMBER OF ALLIANCE
INTERNATIONALE
DE TOURISME

HEIMILIS- & PÓSTFANG:
ADDRESS AND POSTAL ADDRESS:
Borgartún 33 · IS-105 Reykjavík

SÍMI:
TELEPHONE:
+354 562 9999

MYNSENDIR:
TELEFAX:
+354 552 9071

NETFANG:
E-MAIL:
fib@fib.is

KENNITALA:
REG. NUMBER:
530169-7749





Alþingi
Erindi nr. P 130/1639
komudagur 1.4.2004

FLYTJANDI HF. · KT. 710269-7509 · KLETTAGÖRDUM 15 · 104 REYKJAVÍK · Sími 515 2200 · BRÉFSÍMI 515 2204

mars
30. apríl 2004

Nefndarsvið Alþingis
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík

Efni: **Umsögn um þskj. 831 – 553. mál.**

Ég vil byrja á því að lýsa ánægju minni með að fá að veita umsögn um þessa "Tillögu til þingsályktunar".

Flytjandi hf. veitir flutningaþjónustu um allt landi með viðkomu í 80 bæjum og byggðarkjörnum. Það er og hefur verið skoðun okkar, að stytting á hringvegi og aðalvegum séu bestu og arðbærustu vegaframkvæmdir sem völ er á til að auðvelda flutninga og aðrar samgöngur á landsbyggðinni.

Stytting leiða hefur bein áhrif á flutningskostnað, bætir þjónustu og eykur öryggi okkar faratækja og annarra. Dreifing vöru milli byggðarlaga verður auðveldari og kostnaðarminni og vegastytting auðveldar einnig vetrarviðhald vega, sem oft á tíðum er hamlandi á þjónustu okkar.

Því er þessi leið í vegabótum mun hagkvæmari að okkar mati en svokallaðir "hálandisvegir" sem mikið hefur verið rætt um og því framar í forgangs röðun okkar.

Með kveðju

FLYTJANDI HF.

Geir Sæmundsson
framkvæmdastjóri

Samtök ferðaþjónustunnar

Borgartún 35
105 Reykjavík
Sími: 511 8000
Símbref: 511 8008
www.saf.is
Netfang: info@saf.is

Alþingi
Erindi nr. P 130/1703
komudagur 7.4.2004




Nefndasvið Alþingis,
Austurstræti 8-10,
150 Reykjavík

Efni: Þingsályktunartillaga um könnun leiða til að stytta þjóðveg eitt

Samtök ferðaþjónustunnar taka undir tillögu þessa og telja æskilegt að gerður sé samanburður á hinum ýmsu kostum þar sem tillit sé tekið til bæði vegalengda, öryggis og kostnaðar.

Virðingarfyllst
f.h. Samtaka ferðaþjónustunnar


Erna Hauksdóttir
framkvæmdastjóri

Alþingi
Erindi nr. P 130/1788
komudagur 15. 4. 2004



Borgartúni 33 150 Reykjavík
Sími 562 2000 Fax 562 7500

www.umferd.is

14. apríl 2004
ÓHP/sj

Samgöngunefnd Alþingis
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík

Varðar 553. mál, þingsályktunartillögu um styttingu þjóðvegjar 1

Vísað er til bréfs samgöngunefndar, dagsetts 22. mars 2004.

Umferðarráð hefur ekki komið saman til fundar frá því að bréf nefndarinnar barst. Stjórn ráðsins ákvað því að senda fulltrúum í Umferðarráði erindið til umsagnar í tölvupósti. Formlegt svar barst frá einum, fulltrúa Slysavarnafélagsins Landsbjargar, og fylgir það hér með.

Mikilvægi góðra vegasamgangna, þar sem m.a er tekið tillit til umferðaröryggis, vegalengda og vetraraksturs, er að mati stjórnar Umferðarráðs ótvírætt. Sérstök úttekt á þjóðvegi 1, sem tekur til ofangreindra þátta, gæti því orðið lóð á vogarskál aukins umferðaröryggis. Hlýtur þá að vera við það miðað að nýr vegur til styttingar á ákveðinni leið verði hannaður með það að leiðarljósi að hann verði öruggari en sá sem lagður er af, m. a. með tilliti til þeirra þátta í umhverfi vega sem áhrif hafa á umferðaröryggi. Í því sambandi vísar stjórnin á kafla 7.4.2 í Umferðaröryggisáætlun 2002 til 2012, en þar stendur:

„Ein aðalorsök umferðarslysa á þjóðvegum er útafakstur. Þar sem umhverfi vega er hættulítið verða afleiðingarnar venjulega ekki miklar. En þar sem eru t.d. brattir fláar, stórir steinar, hraun eða skurðir má búast við að afleiðingar útafaksturs verði alvarlegar. Þess vegna er áriðandi að mati starfshópsins að veghaldari sjái til þess að umhverfi veganna sé sem hættuminnst. Gera þarf áætlun er miði að því að bæta umhverfi veganna. Til þess þarf mikið fjármagn og þyrfti að eyrnamerkja fjárveitingar til þess sérstaklega í vegáætlun. Gera þarf sérstakt átak í því að verja vegina gegn búfé. Gera þarf endurbætur á vegum og götum og umhverfi þeirra sem miða að því að gera þá sem öruggasta og minnka eins og kostur er meiðsl þegar óhapp verður.“

f.h. Umferðarráðs,

Óli H. Þórðarson
formaður



Umsögn um tillögu um styttingu Þjóðveggar 1.

Tillaga 553. Tillaga að styttingu Þjóðveggar 1.

Jákvætt er að gera samanburð á mismunandi leiðum sem færar eru til að stytta vegalengdir á milli einstakra staða eftir Þjóðvegi 1 og meta hagkvæmni þeirra með tilliti til umferðaröryggis, vegalengda, vetraraktsturs, kostnaðar og annara þátta sem nefndin telur mikilvæga í slíku mati. Aldrei má þó láta framkvæmdir í styttingu vega verða ofar á forgangslista en umferðaröryggið. Alltof oft er farið út í nýframkvæmdir, jafnvel á fáförnum leiðum í stað þess að huga að fjölfarnari leiðum þar sem slys eru tíð og alvarleg.

F.h slysavarnasviðs SL.

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

13. apríl 2004
AG-MÁL nr.430

**Umsögn um tillögu til þingsályktunar, 553. mál, um
könnun leiða til að stytta þjóðveg eitt. Bréf samgöngu-
nefndar Alþingis, dagsett 22. mars 2004.**

Vísað er til bréfs samgöngunefndar Alþingis þar sem óskað er umsagnar
Umferðarstofu um þingsályktunartillögu um könnun leiða til að stytta þjóðveg eitt.

Umferðarstofa hefur skoðað þingsályktunartillöguna og greinargerðina með tillögunni.
Ekki þykir að svo stöddu ástæða til þess að gera athugasemdir við frumvarpið af hálfu
Umferðarstofu.

Virðingarfyllst,



Karl Ragnars



William Thomas Möller

Alþingi
Erindi nr. P 130/2049
komudagur 21.4.2004




Samgöngunefnd Alþingis
Stefán Árni Auðólfsson, nefndarritari
Austurstræti 8 - 10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 15. apríl 2004
Tilvísun: 2004030071/40.1
HrH/BH
Tilv. ykkar: 22.03.2004

Efni: Stytting þjóðvegjar eitt, 553. mál. Umsögn um þingsályktun um könnun leiða til að stytta þjóðveg eitt.

Vegagerðin hefur á ýmsum tímum kannað möguleika á styttingu leiða, bæði á Hringvegi og öðrum hlutum vegakerfisins. Segja má, að Vegagerðin hafi þegar undir höndum upplýsingar um hvernig stytta og bæta megi leiðir á þjóðvegi eitt og aðalvegi frá honum ásamt viðeigandi kostnaðarmati, eins og tillagan gengur útá, og því ætti að vera óþarft að skipa sérstaka nefnd til að fjalla um það efni. Ef meta á hagkvæmni styttinga með tilliti til umferðaröryggis, vegalengda, vetraraksturs, kostnaðar og annarra þátta sem minnst er á í greinargerð með tillögunni, virðist einfaldara að fela Vegagerðinni það verkefni.

Virðingarfyllt,


Jón Rögnvaldsson,
vegamálastjóri.